

af sér hattinn og hengdi hann upp. En augu móðurinnar höfðu vakið upp móttöðuna, sem var í henni sjálfri. Gagnstæðar tilfinningar brutust upp; hún vildi hylja það, hún vildi reyna að ná sér aftur, hún hallaði sér þess vegna á bekkinn og sneri sér til hliðar, og rétt á eftir lagðist hún endilöng niður á bekkinn. Eftir litla stund heyrði móðirin að hún grét og sá það líka á hreyfingunum á bakinu á henni.

Rétt á eftir fann dóttirin bera hendi móður sinnar undir höfðinu á sér. Hún skaut undir það svæfli. Þetta gjörði henni hughægra; að finna að móðirin vildi, að hún svæfi—Það eitt var svo gott. Já, hún var hræðilega syfjuð. Og eftir fáeinanar mínútur var hún sofnuð.

Alþjóðaþing frjálstrúarmanna.

Alþjóðaþing frjálstrúarmanna, sem haldið var í Berlin á Þýskalandi í ágúst síðastliðnuni, er hið fimta þesskonar þing sem únítararkyrkjan á Englandi og í Ameríku hefir staðið fyrir. Þetta þing, eins og öll hinna, er að mestu leyti sótt af únítörum, þó einnig hafi mætt á þeim frjálslyndir menn frá ýmsum öðrum trúflokkum. Mr. Charles W. Wendte, sem er laumaður embættismaður Ameríkska Únítarafélagsins, hefir verið skrifari þingana og haft á hendi allan undirbúning þeirra. Það þykir rétt að taka þetta fram hér, vegna þess að hvorki síðustu "Breiðublik" né önnur íslenzk blöð, sem um þingið hafa getið, hafa tekið fram með einu orði undir hverra umsjón og fyrir hverra forgöngu þingið er haldið. Slík ónákvæmni í fréttum er vítaverð, vegna þess að hún getur orðið orsök til misskilnings; en efalaust er hér um þekkingarskort að ræða. Annars verður að geta þess sem gert er, hver sem hlut á að máli.

Heimir vonar að geta skýrt nánar frá gjörðum þingsins næst.

